

SlowIceland ehf.  
B.t. Sæmundur Ámundason  
Hverfisgata 5b  
580 Siglufjörður

Akureyri: 21.12.2020  
Tilvísun: 2011088 / 02.09.01  
Ákvörðun nr. 7/2020

### Efni: Ákvörðun um dagsektir

Ferðamálastofa hefur tekið ákvörðun um álagningu dagsekta á félagið SlowIceland ehf., kt. 5511171380 þar sem félagið hefur ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um framlagningu gagna vegna árlegs endurmats tryggingarfjárhæðar félagsins þrátt fyrir ítrekanir þar um.

### Málsatvik

Þann 1. apríl sl. rann út frestur til að skila inn gögnum vegna árlegs endurmats á fjárhæð trygginga ferðaskrifstofa skv. 6. gr. reglugerðar um tryggingar vegna pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar nr. 150/2019 sbr. 1. mgr. 26 gr. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Tilkynning þess efnis var send í tölvupósti þann 25. mars sl. Skilin voru ítrekuð með tölvupósti þann 7. maí sl. og upplýst að ef gögn myndu ekki berast fyrir 18. maí yrði málinu vísað til viðurlaga. Þann 20. maí sl. var send tilkynning um málinu yrði vísað til viðurlaga þar sem engin gögn höfðu borist fyrir uppgefin frest. Þann 18. júní sl. var félagið upplýst um að búið væri að vísa málinu til ákvörðunar um viðurlög. Engin gögn hafa borist þrátt fyrir ítrekanir.

Þann 23. nóvember sl. sendi Ferðamálastofa tilkynningu um fyrirhugaða álagningu dagsekta á félagið. Veittur var frestur til 8. desember sl. til að bæta úr annmörkum og skila inn umbeðnum gögnum. Enn fremur var tilgreint að dagsektir yrðu lagðar á félagið ef umbeðin gögn yrðu ekki lögð fram. Ferðamálastofu hefur ekki borist nein viðbrögð af hálfu félagsins.

Samkvæmt 3. mgr. 33. gr. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018 getur Ferðamálastofa lagt dagsektir á aðila sem fara ekki að ákvæðum VII. kafla laganna um tryggingar ferðaskrifstofa. Dagsektir geta numið frá 50 þús. kr. til 500 þús. kr. á dag skv. 4. mgr. sömu greinar.

Samkvæmt 6. gr. skv. reglugerðar um tryggingar vegna pakkaferða og samtengdrar ferðatilhögunar nr. 150/2019 sbr. 1. mgr. 26. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun skulu tryggingaskyldir aðilar skila Ferðamálastofu tilgreindum gögnum og upplýsingum eigi síðar en 1. apríl ár hvert.



## Ákvörðun

Líkt og að framan greinir hefur SlowIceland ehf. ekki farið að fyrirmælum Ferðamálastofu um framlagningu gagna vegna árlegs endurmats tryggingarfjárhæðar félagsins. Af þeirri ástæðu hefur Ferðamálastofa ákveðið að leggja dagsektir á félagið frá og með 4. janúar næstkomandi, hafi ekki verið farið að fyrirmælum stofnunarinnar fyrir þann dag.

**Frá og með 4. janúar 2021 verða lagðar á dagsektir að upphæð kr. 50.000 á SlowIceland ehf. fyrir hvern dag sem líður þar til að farið hefur verið að fyrirmælum Ferðamálastofu um framlagningu tilskilinnna gagna vegna árlegs endurmats tryggingarfjárhæðar félagsins. Verður uppsöfnuð sektarfjárhæð innheimt á 14 daga fresti þar til farið hefur verið að fyrirmælum Ferðamálastofu.**

---


Samkvæmt 7. mgr. 33. gr. laga um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun nr. 95/2018 má skjóta ákvörðun Ferðamálastofu sem tekin er á grundvelli VII. kafla til Ferðamála-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra (ANR), Skúlagötu 4, 101 Reykjavík, innan fjögurra vikna frá því að hún er kynnt þeim sem hún beinist að. Málskot til ráðherra frestar ekki gildistöku ákvörðunar.


Samkvæmt 6. mgr. sömu greinar eru dagsektir aðfararhæfar að liðnum kærufresti en kæra til ráðherra frestar aðför uns endanleg niðurstaða liggur fyrir. Málshöfðun fyrir almennum dómstólum frestar ekki aðför.

Samkvæmt 24. gr. stjórnslulaga nr. 37/1992 á aðili rétt á því að mál sé tekið til meðferðar á ný, ef ákvörðunin hefur byggt á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik.

Virðingarfyllst,

F.h. Ferðamálastofu

  
Helena Þ. Karlsdóttir forstm. Stjórnsýslusviðs

  
Nanna D. Björnsdóttir, lögfræðingur

Afrit er sent með tölvupósti á [saemundur@slowIceland.com](mailto:saemundur@slowIceland.com) og [saemi74@gmail.com](mailto:saemi74@gmail.com)